



REGNBOGA- ÞRÁÐUR

ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

Velkomin í Regnbogaþráðinn, hinsegin vegvísi um grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, *Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1200 ár.*

Staðsetning: 1

Voru til hommar og lesbíur í gamla daga? Intersex fólk og trans fólk? Tvíkynhneigt fólk, pankynhneigt, eikynhneigt og kynsegin fólk?

Já, líklega. En þessi orð hafa ekki verið lengi í notkun. Hugmyndir fólks um kyn og kynverund hafa breyst mikið í aldanna rás. Við getum því ekki alltaf notað nútímahugtök til að lýsa fortíðinni. Með því að skoða söguna út frá hinsegin sjónarhorni má engu að síður komast að ýmsu áhugaverðu.

Regnbogaþráðurinn er hinsegin vegvísir í gegnum sýninguna *Þjóð verður til*. Í honum er fjallað um hinsegin sögu á Íslandi. Með hugtakinu *hinsegin* er átt við kyn og kynverund sem samræmist ekki hefðum og venjum hvers tíma, þar á meðal fólk sem í dag væri kallað trans, intersex, kynsegin, samkynhneigt, tví-, pan- eða eikynhneigt.



Hvað er þjóð?

Staðsetning: 2

Hvaða fólk tilheyrir íslensku þjóðinni? Fólk fætt á Íslandi? Erlendir ríkisborgarar sem eru búsettir hér? Kristið fólk? Múslimar, búddistar eða gyðingar? Hinsegin fólk?

Ríkjandi hugmyndir um þjóðir eru um 100–200 ára gamlar og þær hafa breyst mikið á þeim tíma. Það er því misjafnt hvaða fólk átt er við þegar talað er um þjóð. Fyrir hundrað árum var hinn „sanni“ Íslendingur hvítur, gagnkynhneigður, sískynja, ófatlaður karl. Þegar fólk talaði um þjóð hugsaði það yfirleitt um hóp slíkra karla. Seinna fóru Íslendingar að sjá konur fyrir sér þegar þeir hugsuðu um þjóðina og enn síðar hinsegin fólk.

Fyrir 1950 var sjaldan talað um hinsegin fólk á Íslandi. Stundum var fjallað um „kynvilluhneyksli“ í útlöndum en íslenskt hinsegin fólk var lítið sem ekkert sýnilegt í opinberri umræðu. Taldist það þá hluti af þjóðinni?

Samkynhneigðir og tvíkynhneigðir karlar urðu sýnilegir upp úr 1950. Íslensku blöðin byrjuðu þá að segja frá þeim og fordæma þá. Þeir voru taldir sjúkir og ógn við þjóðina. Hvernig gátu þeir þá talist hluti af henni?

Hinsegin konur voru ósýnilegar í opinberri orðræðu fram til um 1980. Gátu þær þá talist hluti af þjóðinni?

Hvað með annað fólk, sem var hvorki karlar né konur?

Saga hverra er rakin á sýningunni
Þjóð verður til?



Vegvísirinn er aðgengilegur í hljóðleiðsögn á www.thjodminjasafn.is/audio-guides

Beinagrindur

Staðsetning: 10

Nútímahugmyndir um tvö kyn og gagnstæð kynhlutverk eru tiltölulega nýjar af nálinni. Þær eru oft kallaðar kynjatvíhyggja. Á öðrum tímum og í öðrum samfélögum hefur fólk haft aðrar hugmyndir. Þar geta kynin verið þrjú, fjögur, fimm eða bara eitt.

Hugmyndir fólks um kyn eru breytilegar og ávallt mótaðar af samfélaginu. Beinabygging og erfðæfni veita ekki tæmandi upplýsingar um kyn þess fólks sem hér hvílir. Hvernig

hugsuðu þau um kyn sitt? Geta hugmyndir nútímans lýst upplifun forvera okkar af eigin kyni?

Líffræðilegt kyn fólks er heldur ekki bara tvenns konar heldur fjölbreytilegt. Fólk með ódæmigerð kyneinkenni kallast í dag intersex. Það hefur ávallt verið til. Gætu þessar beinagrindur verið af slíkum manneskjum? Hvaða ályktanir getum við dregið um kyn og kynvitund af þúsund ára gömlum beinagrindum?

Lög á þjóðveldisöld

Staðsetning: 12

Kynlíf fólks af sama kyni var ekki bannað með lögum á Íslandi fyrr en árið 1869. Það þótti samt ósiðlegt, syndsamlegt eða afbrigðilegt. Í Grágás, elstu lögbók Íslendinga, eru lagabálkar frá 12. og 13. öld. Samkvæmt þeim var kynlíf fólks af sama kyni ekki ólöglegt og ekki var minnst á kynlíf kvenna. Hins vegar var bannað að níða karlmann með því að kalla hann *ragan*, *stroðinn* eða *sorðinn*. Þessi orð þýddu að maðurinn væri argur, það er að segja kvenlegur, huglaus eða að annar karl hefði riðið honum

í rass. Orðin vísuðu því til eiginleika sem taldir voru ókarlmannlegir. Þessir eiginleikar voru kallaðir *ergi*. Hins vegar þótti ekki ókarlmannlegt að riða öðrum karli í rass. Karlar nauðguðu jafnvel öðrum karlmönnum ef þeir vildu niðurlægja þá og sanna vald sitt.

Af hverju var ásökunin ólögleg en ekki sjálfur verknaðurinn?

Hvað segir þetta okkur um hugmyndir um karlmennsku og kynhlutverk á þjóðveldisöld?



Skriftaboð og klaustur

Staðsetning: 31

Kynlíf fólks af sama kyni var fordæmt bæði í kaþólskum og lútherskum sið. Skriftaboð Þorláks biskups frá lokum 12. aldar voru leiðarvísar fyrir presta um hvernig fólk mætti bæta fyrir ýmsar syndir. Samkvæmt þeim var það talin alvarleg synd ef karlmaður „saurgaðist“ af höndum annars karlmanns. Einnig var það sögð synd ef „konur eigast við þangað til er þeim leysir girnd“.

Kaþólska kirkjan bauð upp á undankomuleið frá festum,

hjórabandi og barneignum. Sú leið var að ganga í klaustur. Ætli hinsegin konur og karlar hafi nýtt sér það og gengið í nunnuklaustur eða munkaklaustur?

Er hugsanlegt að rómantísk og jafnvel kynferðisleg sambönd fólks af sama kyni hafi tíðkast í klaustrum? Getur verið að fólk sem hafði lítinn eða engan áhuga á kynferðislegum samböndum hafi sótt þangað? Hvað með annað hinsegin fólk?

Þögn

Staðsetning: 35

Saga hinsegin fólks á Íslandi og annars staðar einkennist af þögn. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar og heimildir liggja ekki alltaf á lausu. Þetta gildir um karla en þó sérstaklega konur og fólk af öðrum kynjum. Í þessari leiðsögn er til dæmis stórt bil á milli miðalda og 19. aldar sem orsakast af skorti á rannsóknum og heimildum.

Þegar við skoðum hinsegin sögu á Íslandi þurfum við því að læra að nota þagnirnar, vinna með þær og túlka. Hvers vegna er almennt ekki fjallað um kynverund fólks á sýningunni *Þjóð verður til?* Hvað má lesa út úr þögninni?



Skriftaboð og klaustur

Staðsetning: 31

Kynlíf fólks af sama kyni var fordæmt bæði í kaþólskum og lútherskum sið. Skriftaboð Þorláks biskups frá lokum 12. aldar voru leiðarvísar fyrir presta um hvernig fólk mætti bæta fyrir ýmsar syndir. Samkvæmt þeim var það talin alvarleg synd ef karlmaður „saurgaðist“ af höndum annars karlmanns. Einnig var það sögð synd ef „konur eigast við þangað til er þeim leysir girnd“.

Kaþólska kirkjan bauð upp á undankomuleið frá festum,

hjórabandi og barneignum. Sú leið var að ganga í klaustur. Ætli hinsegin konur og karlar hafi nýtt sér það og gengið í nunnuklaustur eða munkaklaustur?

Er hugsanlegt að rómantísk og jafnvel kynferðisleg sambönd fólks af sama kyni hafi tíðkast í klaustrum? Getur verið að fólk sem hafði lítinn eða engan áhuga á kynferðislegum samböndum hafi sótt þangað? Hvað með annað hinsegin fólk?

Þögn

Staðsetning: 35

Saga hinsegin fólks á Íslandi og annars staðar einkennist af þögn. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar og heimildir liggja ekki alltaf á lausu. Þetta gildir um karla en þó sérstaklega konur og fólk af öðrum kynjum. Í þessari leiðsögn er til dæmis stórt bil á milli miðalda og 19. aldar sem orsakast af skorti á rannsóknum og heimildum.

Þegar við skoðum hinsegin sögu á Íslandi þurfum við því að læra að nota þagnirnar, vinna með þær og túlka. Hvers vegna er almennt ekki fjallað um kynverund fólks á sýningunni *Þjóð verður til?* Hvað má lesa út úr þögninni?

Lækning við ergi

Staðsetning: 58

Áður en nútímalæknisfræði kom til sögunnar var ýmiss konar lærdómur notaður til að vinna bug á kvillum og koma jafnvægi á líkamsstarfsemi fólks. Auk galdra og bæna var meðal annars notast við blóðtöku og grasalækningar. Í íslenskri lækningabók, sem talin er vera frá lokum 16. aldar, er fjallað um ráð við ýmsum sjúkdómum og kvillum. Þar á meðal er ráð við ergi sem hljóðar svo: „Tak einiber og smyr með leyndarliminn“. Í sama riti er mælt með að nota edik, víðifrá og víðiblóm sem meðal við „ergi og losta, ef maður er of ör til kvenna“. Ritið er eignað séra Kristjáni Villadssyni en einnig hafa verið færð rök fyrir því að

Jón Guðmundsson lærði hafi komið að varðveittri gerð þess.

Ergi var hugtak sem hafði neikvæða merkingu á miðöldum og vísaði til skorts á karlmennsku. Hún gat falið ýmislegt í sér, svo sem hugleysi, barnleysi, skeggleysi eða að vera „sorðinn“ eða „stroðinn“ af öðrum karlmanni. Lækningabókin gefur til kynna að ergi hafi einnig verið þekkt fyrirbæri á 16. öld.

Hvað segir þessi texti okkur um viðhorf fólks til ergi og kynlífs fólks af sama kyni?

Kossar karla

Staðsetning: 73

Vestrænar nútímahugmyndir um samkynhneigð mótuðust fyrst við lok 19. aldar í Evrópu en bárust ekki til Íslands fyrr en talsvert síðar. Um aldamótin 1900 höfðu Íslendingar litla vitneskju um „homma“ eða „hómósexúalista“ og höfðu ekki kynnst hugmyndum um að þeir þættu afbrigðilegir og varhugaverðir.

Við upphaf 20. aldar var algengur siður, sérstaklega upp til sveita, að fólk heilsaðist og kveddist með því að kyssa hvort annað á munninn. Þetta gerðu karlar jafnt sem konur. Þá þóttu kossar karla hvorki „hommalegir“ né benda til samkynhneigðar eða tvíkynhneigðar.



Kossasiðurinn dó að mestu út á fyrstu áratugum 20. aldar. Ein ástæðan var að Íslendingar urðu meðvitaðri um samkynhneigð, að minnsta kosti meðal karla. Þeir tengdu hana líka við afbrigðileika og kvenleika. Þess vegna þótti minna mál ef konur kysstust á munninn.

Hvað þýddi það þegar tveir karlar kysstust? Gátu þeir talist „sannir karlmenn“? Hvað þýðir það núna ef tveir karlar kyssast? Geta karlar kysst hvor annan án þess að vera taldir hinsegin?

Hómóerótík á 19. öld?

[Staðsetning: 80](#)

Sigurður Guðmundsson málari hefur verið kallaður ímyndarsmiður þjóðríkisins, meðal annars sökum þess að hann hannaði íslenska skautbúninginn. Hann var virtur maður en sögur fóru af því að hann væri kvenlegur og laðaðist jafnvel að körlum. Ekkert er þó vitað fyrir víst um kynhneigð hans. Hann fékkst einnig við ýmislegt annað en hönnun og eftir hann liggja meðal annars málverk, leiktjöld, bréf og teikningar. Í sendibréfi Sigurðar til séra Eggerts Ó. Briem árið 1870 er til dæmis teikning af vængjuðum reði sem steypist yfir textann. Bréfið hefst á orðunum „Heill sé með þínu geislega reðrildi!“ og lýkur með „... fyrirgefðu hér er ekki plats fyrir reðrildi né fuðrildi þú hefur

heldur ekki gott af að sjá það“. Myndin er margslungin og orð Sigurðar má túlka á marga vegu.



Er myndin tákn fyrir hómóerótík í samskiptum tveggja karla? Eða er hún staðfesting á karlmennsku þeirra? Hvað á Sigurður við þegar hann segir að Eggert „hafi ekki gott af“ að sjá reður?

Sjálfsmyndir

Staðsetning: 83

Sjálfsmyndir á borð við þjóðerni, kynhneigð og kynvitund eru breytilegar og mótast af samfélagslegum aðstæðum hverju sinni. Þjóðernissjálfsmyndir urðu til með tilkomu þjóðríkja á 19. öld. Þá voru hugmyndir um samkynhneigð ekki til og ekki heldur um gagnkynhneigð, pankynhneigð, tví-eða eikynhneigð. Það sem við köllum í dag kynhneigð var þá yfirleitt álitid eitthvað sem fólk gerði en ekki hluti af eðli fólks.

Nútímalæknavísindi þróuðust á 19. öld og höfðu fljótlega áhrif á það sem fólk taldi sig vita um kyn og kynhegðun. Þau höfnuðu hugmyndum um að óvenjuleg kynhegðun, til dæmis kynmök einstaklinga af sama kyni, væri glæpsamleg eða ósiðsöm. Þvert á móti væri til nokkuð sem kallaðist „samkynhneigð“ sem einkenndi suma

einstaklinga. Þessi kynhneigð ylli því að fólk laðaðist að einstaklingum af sama kyni eða hegðaði sér á annan hátt sem ekki þótti hæfa kyni þess.

Þannig urðu hugmyndir okkar um ólíkar kynhneigðir og kynvitundir til. Í dag er talið að kynhneigð sé eitthvað sem einkenni fólk, eins og kyn, húðlitur eða þjóðerni. Við segjum að kynhneigð og kynvitund geri okkur að þeim manneskjum sem við erum. En fyrir tvö hundruð árum taldi enginn sig vera trans, sam-, tví-, pan-, ei- eða gagnkynhneigðan.

Hvernig verða hugmyndir okkar eftir hundrað ár?

Ástir aldamótakvenna

Staðsetning: 89

Þær samfélagsbreytingar sem urðu um aldamótin 1900 höfðu mikil áhrif á möguleika kvenna til áhrifa og þátttöku í samfélaginu.

Í gegnum félagsstarf, menntun og atvinnumöguleika urðu til kvennarými. Þessar breytingar gerðu konum kleift að hafna

Á færibandi sögunnar

Staðsetning: 94

Færibandið er táknmynd fyrir sögu íslensku þjóðarinnar á 20. öld. Hér er mikil saga sögð í stuttu máli, líkt og á sýningunni allri. Því er líklegt að á það vanti mikilvæga þætti úr sögu þjóðarinnar.

Á 20. öld urðu miklar breytingar á högum hinsegin fólks á Íslandi. Karlmaður var dæmdur í fangelsi í fyrsta og eina skiptið fyrir kynvillu. Meðvitund Íslendinga um ólík kyn, kynhneigðir og kynvitundir jókst. Hinsegin fólk tók í fyrsta sinn upp ýmsar hinsegin sjálfsmyndir og stofnaði félög til að berjast fyrir virðingu og mannréttindum. Sjást einhver merki um sögu og menningu hinsegin fólks á færibandinu?

Hvað gerir hlut að hinsegin safngrip? Að hann sé í regnbogalitunum? Tengist frægum hinsegin manneskjum? Hafi verið notaður í réttindabaráttunni? Hvað með hversdagslega hluti, eins og smjörhníf Félagsins - félags sam- og tvíkynhneigðra? Ætti hann erindi á færiband sögunnar?

Hvað gætir þú hugsað þér að setja á færibandið til að segja hinsegin sögu? Hvaða munir, sögur, myndir og skjöl gætu átt hér heima?

Taktu þátt í umræðunni á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #hinsegin saga



Heimildaskrá

- Ásta Kristín Benediktsdóttir. (2017). Sjoppa ein við Laugavegin [...] hefur fengið orð á sig sem stefnumótsstaður kynvillinga. Orðræða um illa kynvillinga og listamenn á sjötta áratug 20. aldar. Í Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafðís Erla Hafsteinsdóttir (ritstj.) *Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, bls. 147–183. Reykjavík: Sögufélag.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. (2011). *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gade, Kari Ellen. (2013). Samkynhneigð og nauðgun karla í norrænum lögum og bókmenntum miðalda. *Ritið* 13(3), bls. 183–200.
- Gunnar Karlsson. (2013). *Ástarsaga Íslendinga að fornu*. Reykjavík: Mál og menning.
- Hafðís Erla Hafsteinsdóttir. (2017). „Forsenda fyrir betra lífi“? Tilraun til skilgreiningar á hinsegin sögu. Í Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafðís Erla Hafsteinsdóttir (ritstj.) *Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, bls. 21–58. Reykjavík: Sögufélag.
- Harvey, Karen. (2002). The Century of Sex? Gender, Bodies, and Sexuality in the Long Eighteenth Century. *The Historical Journal* 45(4), bls. 899–916.
- Helgi Hrafn Guðmundsson. (2015). „Karlmennt fæðmast og kyssast eins og unnustufólk“. *Líkamleg náð Íslenskra karlmanna á nítjándu öld*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands.
- Íris Ellenberger. (2016). Lesbía verður til. Félagið Íslensk-lesbíska og skörun kynhneigðar og kyngervis í réttindabaráttu á níunda áratug 20. aldar. *Saga* 55(2), bls. 7–53.
- Laqueur, Thomas (1990). *Making Sex: Body and Gender from the Greeks to Freud*. Cambridge: Harvard University Press.
- Lbs. (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn). JS 158 fol. Samtíningur. Lækningsbók sr. Christjáns Willoddssonar, 112r–153r.
- Lbs. (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn) LBS 744 4to. Bréfasafn séra Eggerts Ó Briem. Sigurður Guðmundsson máleri til Eggerts, 4. september 1870.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2017). *Leitin að klaustrunum. Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*. Reykjavík: Sögufélag, í samvinnu við þjóðminjasafn Íslands.
- Sveinbjörn Rafnsson. (1982). Skriftaboð þorláks biskups. *Gripla* 5(1), bls. 77–114.
- Særún Lís Birgisdóttir. (2014). *Hommar eða huldufólk? Hinsegin rannsókn á sögnum og samfélagi að fornu og nýju*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands.
- Særún Lís Birgisdóttir. (2012). „Hættið þessu fíkti strákar!“ Rannsókn á „hinsegin“ sögnum frá hernámsárunum. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands.
- Viðar Hreinsson. (2016). *Jón lærði og náttúru náttúrunnar*. Reykjavík: Lesstofan.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2007). Iceland 1869–1992: From Silence to Rainbow Revolution. Í Jens Rydström og Kati Mustola (ritstj.) *Criminally Queer: Homosexuality and Criminal Law in Scandinavia, 1842–1999*, bls. 117–144. Amsterdam: Aksant.
- Þorvaldur Kristinnsson. (2017). Glæpurinn gegn náttúrulegu eðli. Réttvísir gegn Guðmundi Sigurjónssyni 1924. Í Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafðís Erla Hafsteinsdóttir (ritstj.) *Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, bls. 107–146. Reykjavík: Sögufélag.
- Þorvaldur Kristinnsson. (2008). Maður stendur með sínum ef maður getur. Spjallað við Þóri Björnsson. Í *Hinsegin dagar í Reykjavík* 6.–10. ágúst 2008. *Dagskrárarit*, bls. 38–45. Reykjavík.
- Þórður Sigtryggsson. (2011). *Mennt er máttur: Tilraunir með dramb og hroka: Kaflar úr endurminningum*. Reykjavík: Omdúrman.



Markmiðið með Regnboga- þræðinum er:

Að miðla upplýsingum um hinsegin líf
og tilveru í Íslandssögunni

Að sýna hvernig hugmyndir um kyn og
kynhneigð taka á sig ýmsar myndir á
ólíkum tímum

Að spyrja spurninga, kanna hið ósagða
og hvetja til gagnrýnnar hugsunar

Taktu þátt í umræðunni á samfélags-
miðlum undir myllumerkinu
#hinsegin saga

©Höfundar: Agnes Jónasdóttir, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla
Hafsteinsdóttir, Íris Ellenberger, Lana Kolbrún Eddudóttir og Ynda Gestsson.
Verkefnisstjórar: Ásta Kristín Benediktsdóttir, Íris Ellenberger og Ynda Gestsson.
Ensk þýðing: María Helga Guðmundsdóttir
Regnbogaþráðurinn var spunninn í samstarfi við Samtökin '78, hagsmuna- og
baráttusamtök hinsegin fólks á Íslandi: www.samtokin78.is.

